




Reykjavík, 24. janúar 2025
MSS25030044

Tillaga ÖBÍ um uppsetningu og útbreiðslu nýs umferðamerkis

Lagt er til að aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að Reykjavíkurborg stuðli að inngildingu og útbreiðslu nýs umferðamerkis nr. 554.2 um bílastæði hreyfihamlaðra (mynd 1).

Í því felst að gerð verður úttekt á fjölda og gerð bílastæða hreyfihamlaðra í borgarlandinu og að nýja umferðamerkið verði sett upp við þau bílastæði sem þykja eiga við.

Aðgengishópur ÖBÍ hefur gefið Reykjavíkurborg umferðamerki sem var afhent borgarstjóra og afhjúpað við Laugardalslaug í september 2024¹.



Mynd 1

Merki 554.2 gefur til kynna sérstaklega breitt bifreiðastæði sem er eingöngu ætlað handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlað fólk.

Greinagerð

Ný reglugerð um umferðamerki nr. 250/2024 tók gildi 1. mars sl. og þá voru meðal annars innleidd tvö ný merki bifreiðastæða fyrir hreyfihamlað fólk fyrir atbeina aðgengishóps ÖBÍ.

Annars vegar er um að ræða nýja táknmynd hreyfihamlaðra sem hefur nú verið innleidd í reglugerð með umferðamerkjum nr. 554.1, 554.2 og 554.3 og leysir eldri táknmynd af hólmi (mynd 2). Sú var hönnuð á sjöunda áratug síðustu aldar og er orðin barn síns tíma. Aðgengishópur ÖBÍ hefur um árabíl talað fyrir notkun nýs merkis sem sýnir virkni og hreyfingu. Merkið sem var hannað fyrir um áratug síðan hefur náð fótfestu víða, en Ísland mun vera fyrsta landið í heiminum sem leiðir það í lög. Á málþingi aðgengishópsins „Stóra bílastæðamálið“ í mars 2018 hét þáverandi borgarstjóri, Dagur Eggertsson, því að merkið yrði sett upp við öll bílastæði hreyfihamlaðra í eigu borgarinnar.

Hins vegar er um að ræða umferðamerki 554.2 sem sýnir hreyfihamlaðan einstakling, eða táknmynd hans, á leið upp í bíl sem útbúinn er með rampi. Um er að ræða merki

¹ <https://reykjavik.is/frettir/2024/afhjupun-nys-umferdarkerkis-fyrir-bilastaedi-hreyfihamladra-vid-laugardalslaug>



Reykjavík



sem aðgengishópur lét hanna sérstaklega til notkunar við bílastæði sem fyrst og fremst eru ætluð hreyfihömluðu fólki sem keyrir eða eru farþegar í stærri bílum með skábraut eða lyftu, s.s. ferðapjónustubílum. Í 6.2.4. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 eru skilgreindar tvær stærðir bifreiðastæða fyrir hreyfihamlað fólk en sama merking gildir fyrir þau bæði, sem veldur óþægindum. Það hefur valdið því að fólk sem notar smábíla hefur lagt í stærri stæðin, ætluð bílum sem þurfa rými til að setja út lyftu eða ramp. Ekki er óalgengt að sjá tvo smábíla samnýta sama stæðið.

Ákvæði um stærð bílastæða hreyfihamlaðra koma fram í 6.2.4. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Þar segir:

Bílastæði hreyfihamlaðra skulu vera 3,80 m x 5,00 m að stærð eða 2,80 m x 5,00 m með hindrunarlausu 1,00 m breiðu umferðarsvæði samsíða. Bílastæði [hreyfihamlaðra]⁵⁾skulu vera með tryggju aðgengi að gönguleiðum.²⁾Eitt af hverjum fimm bílastæðum fyrir hreyfihamlaða, þó aldrei færri en eitt, skal vera 4,5 m x 5,0 m að stærð og við enda þeirra athafnasvæði, um 3 m að lengd. Bílastæði hreyfihamlaðra sem eru samsíða akbraut skulu vera 2,5 m x 8,0 m að stærð og þess gætt að hindrunarlaust svæði sé samsíða stæðunum gangstéttarmegin 2,0 m x 8,0 m að stærð.

Með uppsetningu umferðarmerkis nr. 554.2 við öll bílastæði 4,5 m x 5,0 m að stærð og við enda þeirra athafnasvæði, um 3 m að lengd, í sinni eigu gengur Reykjavíkurborg fram með góðu fordæmi og stuðlar að útbreiðslu umferðarmerkisins og þar með bættri notkun bílastæða hreyfihamlaðra.



554.1

554 Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlað fólk.

Merki 554.1 gefur til kynna að bifreiðastæði sé eingöngu ætlað handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlað fólk.



554.2

Merki 554.2 gefur til kynna sérstaklega breitt bifreiðastæði sem er eingöngu ætlað handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlað fólk.



554.3

Merki 554.3 gefur til kynna að stæðið sé einungis ætlað því tiltekna ökutæki handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlað fólk sem tilgreint er með skráningarnúmeri á merkinu.



Reykjavík